

Skeljungur hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. janúar til 31. mars 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn árslutareikningur Skeljungs hf. hefur að geyma samstæðureikning Skeljungs hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2019. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árslutareikninga, IAS 34, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2019 voru 11.506 millj. kr. (2018: 9.909 millj. kr.) og hagnaður nam 411 millj. kr. (2018: 416 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 31. mars 2019 námu eignir samstæðunnar 26.016 millj. kr. (2018: 24.751 millj. kr.) og skuldir 16.647 millj. kr. (2018: 15.747 millj. kr.). Eigið fé nam 9.369 millj. kr. (2018: 9.004 millj. kr.) og var eiginfjárlutfall 36% (2018: 36%).

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árslutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árslutareikninga IAS34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Það er álit stjórnar og forstjóra að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2019 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. mars 2019.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árslutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2019 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Skeljungs hf. hafa í dag fjallað um árslutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Stjórn

Jens Meinhard Rasmussen,
formaður

Birna Ósk Einarsdóttir

Ata María Bærentsen

Kjartan Örn Sigurðsson

Baldur Már Helgason

Forstjóri

Hendrik Egholm

Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. mars 2019

	Skýr.	2019 1.1. - 31.3		2018 1.1. - 31.3
Sala	5	11.506		9.909
Kostnaðarverð seldra vara	6	(9.399)	(8.163)
Framlegð.....		2.107		1.746
 Aðrar rekstrartekjur		 41		 151
Laun og launatengd gjöld		(606)	(459)
Sölu- og dreifingarkostnaður		(494)	(499)
Annar rekstrarkostnaður		(156)	(124)
		(1.256)	(1.082)
 Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA).....		 892		 815
 Afskriftir rekstrarfjármuna		(261)	(198)
 Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT).....		 631		 617
 Fjármunatekjur		5		6
Fjármagnsgjöld		(116)	(81)
		(111)	(75)
 Áhrif hlutdeildarféлага		(12)	(16)
 Hagnaður fyrir tekjuskatt		 508		 526
 Tekjuskattur	7	(97)	(110)
 Hagnaður tímabilsins		 411		 416
 Skipting hagnaðar				
Eigendur móðurfélags		403		399
Minnihluti í dótturfélögum		8		17
		411		416
 Hagnaðarhlutur:				
Hagnaður á hlut		0,20		0,20
Þynntur hagnaður á hlut		0,20		0,20

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 31. mars 2019

	Skýr.	2019	2018
		1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Hagnaður tímabilsins		<u>411</u>	<u>416</u>
Liðir færðir beint á eigið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi:			
Þýðingarmunur hlutdeildar- og dótturfélaga		130 (95)
Þýðingamunur vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar	(88)	59
Tekjuskattsáhrif vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar		<u>18 (</u>	<u>12)</u>
		<u>60 (</u>	<u>48)</u>
Heildarhagnaður tímabilsins		<u>471</u>	<u>368</u>
Skipting heildarhagnaðar			
Eigendur móðurfélags		459	351
Minnihluti í dótturfélögum		<u>12</u>	<u>17</u>
		<u>471</u>	<u>368</u>

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 31. mars 2019

	Skýr.	31.03.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Viðskiptavild		3.397	3.333
Aðrar óefnislegar eignir		699	691
Rekstrarfjármunir	12	11.278	10.385
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum		529	540
Langtímakröfur		8	1
		<u>15.910</u>	<u>14.949</u>
		Fastafjármunir	
Veltufjármunir			
Birgðir		3.900	4.491
Viðskiptakröfur		5.265	4.266
Aðrar skammtímakröfur	8	362	226
Handbært fé		579	818
		<u>10.106</u>	<u>9.802</u>
		Veltufjármunir	
		<u>26.016</u>	<u>24.751</u>
		Eignir samtals	
Eigið fé			
Hlutfé		2.053	2.053
Yfirverðsreikningur hlutfjár		3.210	3.210
Bundnir eiginfjárreikningar		1.211	819
Óráðstafað eigið fé		2.726	2.764
		<u>9.200</u>	<u>8.847</u>
		Eigið fé hluthafa móðurfélags	
Hlutdeild minnihluta		169	157
		<u>9.369</u>	<u>9.004</u>
		Eigið fé samtals	
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	9	657	671
Leiguskuldbinding	12	1.029	0
Skuldir við lánastofnanir	10	6.243	5.613
		<u>7.930</u>	<u>6.284</u>
		Langtímaskuldir og skuldbindingar	
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	10	1.938	3.579
Viðskiptaskuldir		2.312	2.018
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum		492	460
Skuldir við tengd félög		9	13
Tekjuskattur til greiðslu	7	101	371
Aðrar skammtímaskuldir		3.866	3.022
		<u>8.718</u>	<u>9.463</u>
		Skammtímaskuldir	
		<u>16.647</u>	<u>15.747</u>
		Skuldir samtals	
		<u>26.016</u>	<u>24.751</u>
		Eigið fé og skuldir samtals	

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 31. mars 2019

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Varasjóður v. kaupréttar- samninga	Þýðingar- munur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
2018										
Eigið fé hluthafa 31.12.2017	2.077	3.210	407	1	(1.132)	867	2.442	7.872	9	7.881
Hagnaður ársins							399	399	17	416
Önnur heildarafkoma					(48)			(48)		(48)
Heildarhagnaður tímabilsins					(48)	0	399	351	17	368
Bundið v/ afkomu dóttur- og hlutd.félaga					27	(3)	(23)	0		0
Úthlutaður arður til hluthafa							(500)	(500)		(500)
Keypt eigin bréf	(25)						(145)	(169)		(169)
Breyting á minnihlutaeign								0	4	4
Lagt í lögbundinn varasjóð			20				(20)	0		0
Staða 31.03.2018	2.053	3.210	427	1	(1.154)	863	2.153	7.553	30	7.583
2019										
Eigið fé hluthafa 31.12.2018	2.053	3.210	459	1	(1.116)	1.476	2.764	8.847	157	9.004
Hagnaður ársins							403	403	8	411
Önnur heildarafkoma					56			56	4	60
Heildarhagnaður tímabilsins					56	0	403	459	12	471
Bundið v/ afkomu dóttur- og hlutd.félaga					(46)	378	(332)	0		0
Lagt í lögbundinn varasjóð			4				(4)	0		0
IFRS 16 innleiðing							(106)	(106)	0	(106)
Staða 31.03.2019	2.053	3.210	462	1	(1.106)	1.854	2.726	9.200	169	9.369

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 31. mars 2019

	Skýr.	2019	2018
		1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		411	416
Leiðrétt fyrir:			
Afskriftir		261	198
Áhrif hlutdeildarféлага		12	16
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		107	70
Söluhagnaður eigna	(1)	(104)
Tekjuskattur	7	97	110
		<u>887</u>	<u>707</u>
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta			
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		614	383
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(1.029)	(739)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		682	335
		<u>267</u>	<u>(21)</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.154	685
Innborgaðar vaxtatekjur		5	6
Greidd vaxtagjöld	(112)	(76)
Greiddur tekjuskattur	(47)	(28)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.000</u>	<u>587</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(100)	(155)
Söluverð rekstrarfjármuna		2	124
Fjárfest í hlutdeildarfélagum		0	(122)
Verðbréf, breyting	(7)	2
Fjárfestingarhreyfingar	(108)	(152)
Fjármögnunarahreyfingar			
Innborgun hlutafjár minnihluta í dótturfélagi		0	12
Kaup á eigin bréfum		0	(169)
Afborganir langtímalána	(105)	(66)
Tekin ný langtímalán		624	(37)
Skuld við tengd félög	(4)	(66)
Handbært fé frá félagi í samstæðu		0	9
Skammtímalán, breyting	(1.658)	(167)
Fjármögnunarahreyfingar	(1.144)	(485)
Lækkun) á handbæru fé	(251)	(49)
Handbært fé í byrjun árs		818	428
Gengismunur á handbæru fé		11	(4)
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>579</u>	<u>375</u>

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Skeljungur hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 26, Reykjavík. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæða“ og eitt og sér sem „félag“) og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Megintilgangur félagsins er innflutningur, birgðahald, sala og dreifing á eldsneyti og eldsneytistengdum vörum. Að auki selur félagið efnavöru og áburð og ýmsa smávöru. Samstæðan starfar á tveimur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi og í Færeyjum. Félagið selur einnig vöru og þjónustu til skipa á Norður-Atlantshafinu, í gegnum eigin birgðastöðvar og birgðastöðvar samstarfsaðila á svæðinu. Á Íslandi á og rekur Skeljungur 65 eldsneytisstöðvar og 4 birgðastöðvar. Í Færeyjum á og rekur félagið 11 smávöruverslanir og eldsneytisstöðvar og 2 birgðastöðvar. Í báðum löndum er viðskiptavinahópur félagsins breiður og spannar frá einstaklingum til stofnana og fyrirtækja í öllum geirum samfélagsins. Skeljungur á vörumerkin Orkan, á Íslandi, og Magn, í Færeyjum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Samandreginn árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesast í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2018 sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.skeljungur.is.

Stjórn Skeljungs samþykkti árshlutareikninginn 21. maí 2019.

b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2018 að undanskildum breytingum á reikningsskilaaðferðum vegna leigusamninga til samræmis við IFRS 16 eins og lýst er í skýringu 12. Búist er við því að þessar breytingar á reikningsskilaaðferðum muni jafnframt endurspeglast í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2019.

c. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

e. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. ársfjórðungi en á 1. og 4. fjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. fjórðungs en í lok 2. og 3. fjórðungs.

Skýringar, frh.:

3. Breytingar á samstæðunni

Dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, P/F Magn, keypti 70% eignarhlut í færeyska félaginu sp/f Demich og er yfirtökudagurinn 1. september 2018 og kom félagið inn í samstæðu Skeljungs frá þeim tíma. Áhrif á efnahagsreikning voru að heildareignir jukust um 962 milljónir þar af fastafjármunir 633 milljónir og skuldir um 643 milljónir.

4. Landfræðileg skipting

Við framsetningu upplýsinga hér að neðan er byggt á landfræðilegri staðsetningu félaga í samstæðu.

Árið 2019

Rekstrarreikningur 1.1. - 31.3.

	Ísland	Færeyjar	Samtals
Heildartekjur	7.211	4.996	12.207
Tekjur innan samstæðu	(701)	0	(701)
Tekjur utan samstæðu	6.510	4.996	11.506
Framlegð	1.189	918	2.107
EBITDA	386	506	892
EBIT	180	450	631

Efnahagsreikningur 31.3.

Fastafjármunir	10.808	5.102	15.910
Veltufjármunir	6.948	3.157	10.106
Eignir samtals	17.756	8.260	26.016

Langtímaskuldir	6.129	1.800	7.930
Skammtímaskuldir	5.982	2.736	8.718
Skuldir samtals	12.111	4.536	16.647

Árið 2018

Rekstrarreikningur 1.1. - 31.3.

	Ísland	Færeyjar	Samtals
Heildartekjur	6.508	3.419	9.928
Tekjur innan samstæðu	(19)	0	(19)
Tekjur utan samstæðu	6.490	3.419	9.909
Framlegð	1.162	584	1.746
EBITDA	498	317	815
EBIT	342	275	617

Efnahagsreikningur 31.12.

Fastafjármunir	10.129	4.820	14.949
Veltufjármunir	6.873	2.929	9.802
Eignir samtals	17.002	7.749	24.751

Langtímaskuldir	4.653	1.631	6.284
Skammtímaskuldir	6.618	2.845	9.463
Skuldir samtals	11.271	4.476	15.747

5. Sala

	2019 1.1. - 31.3.	2018 1.1. - 31.3.
Sala greinist þannig:		
Eldsneyti	10.118	9.047
Önnur vörusala	1.388	862
Sala samtals	11.506	9.909

Skýringar, frh.:

5. Sala (frh.)	2019	2018
Skipting sölu eftir vörutegundum:	1.1. - 31.3.	1.1. - 31.3.
Bensín og dísel	5.647	4.697
Flugvélaeldsneyti	617	609
Skipaeldsneyti	2.722	2.741
Annað eldsneyti	1.133	1.000
Aðrar vörur	1.388	862
Sala samtals	<u>11.506</u>	<u>9.909</u>

6. Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:

Eldsneyti	8.508	7.558
Aðrar vörur	891	605
Kostnaðarverð seldra vara samtals	<u>9.399</u>	<u>8.163</u>

7. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Ógreiddur tekjuskattur	101	334
Frestaður tekjuskattur	(4)	(224)
Gjaldfærður tekjuskattur	<u>97</u>	<u>110</u>

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	1.1. - 31.3.2019		1.1. - 31.3.2018
Hagnaður fyrir tekjuskatt	508		526
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,00% 102		20,00% (105)
Áhrif skatthlutfalla hjá erlendu dótturfélagi	1,63% (8)		(0,84%) 4
Aðrir liðir	(0,78%) 4		(1,75%) (9)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>20,84% 97</u>		<u>20,91% (110)</u>

8. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	31.3.2019	31.12.2018
Kröfur á hið opinbera	171	118
Næsta árs afborgun langtímakrafna	1	9
Aðrar kröfur	190	99
Aðrar skammtímakröfur í lok tímabils/árs	<u>362</u>	<u>226</u>

9. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	671	609
Þýðingarmunur	83	83
Tekjuskattur vegna eiginfjárhreyfinga	(18)	(13)
Reiknaður tekjuskattur af áframhaldandi starfsemi	97	363
Tekjuskattur til greiðslu	(177)	(371)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils/árs	<u>657,362</u>	<u>671</u>

Skýringar, frh.:

9. Tekjuskattsskuldbinding (frh.)	31.3.2019	31.12.2018
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði		
Rekstrarfjármunir	650	650
Óefnislegar eignir	70	70
Vörubirgðir	(14)	(14)
Viðskiptakröfur	2	2
Frestun gengismunar	(29)	(37)
Aðrir liðir	(22)	0
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils/árs	<u>657</u>	<u>671</u>

10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

Skilmálar vaxtaberandi skulda

	Lokagjalddagar	31.3.2019		31.12.2018	
		Meðalvextir	Bókfært verð	Meðalvextir	Bókfært verð
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í DKK	2027	2,6%	4.864	2,5%	4.195
Skammtímalán í USD	2019	5,6%	1.020	5,7%	954
Skammtímalán í DKK	2019	2,5%	395	2,6%	599
			6.279		5.748
Skuldir í íslenskum krónum:					
Óverðtr. langtímalán	2022	5,5%	1.871	5,5%	1.878
Óverðtr. skammtímalán	2019	5,7%	523	5,7%	2.026
			2.394		3.904
Vaxtaberandi skuldir samtals			8.673		9.652
Afborganir langtímaskulda greinast þannig næstu ár:					31.3.2019
1.4.2019 - 30.3.2020					492
31.3.2020 - 30.3.2021					496
1.4.2021 - 31.3.2022					497
1.4.2022 - 31.3.2023					2.285
1.4.2023 - 30.3.2024					487
Síðar					2.477
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir					<u>6.735</u>

Þann 28. mars var gengið frá samningum um endurfjármögnun á öllum vaxtaberandi lánum félagsins í USD og ISK og skipt um viðskiptabanka á Íslandi. Endurfjármögnunin kemur í kjölfar ákvörðunar viðskiptabanka félagsins um að nýta heimild í samningum til hækkunar á vaxtaálagi. Markmiðið með endurfjármögnuninni var að lækka vaxtakostnað og draga frekar úr gjaldeyrisáhættu. Lántakan mun ekki hafa veruleg áhrif á fjármagnskostnað, endurgreiðsluferil lána né aðra skilmála frá því sem nú er. Hluti lána var endurfjármagnður fyrir lok tímabilsins en hluti í apríl.

11. Áhættuvarnarreikningsskil

Þann 21. apríl 2017 byrjaði félagið að beita áhættuvarnarreikningsskilum um hreina fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast milli starfrækslugjaldmiðils dótturfélagsins Magn P/F, í dönskum krónum, og starfrækslugjaldmiðils félagsins, í íslenskum krónum. Fjárfesting félagsins í Magn er varin að hluta með lántöku félagsins í dönskum krónum, en bókfært verð lántökunnar var 187 millj. danskar krónur þann 31. mars 2019. Félagið hefur tilgreint alla lántökuna sem áhættuvarnargerning vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast vegna samsvarandi fjárhæðar af hreinni heildarfjárfestingu í Magn.

Félagið mælir virkni áhættuvarnarinnar út frá fjárhæð hreinnar eignar sem varin er. Að svo miklu leyti sem áhættuvörnin er virk er þýðingamunurinn vegna lántökunnar færður í aðra heildarafkomu og safnast inn á áhættuvarnarreikning meðal eiginfjár. Félagið mun endurflokka þýðingarmuninn af eigin fé yfir í rekstrarreikning ef félagið selur Magn. Félagið færir alla óvirkni, ef einhver er, strax í rekstrarreikning. Engin óvirkni var vegna áhættuvarnar á hreinni fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu á tímabilinu.

12. Nýir reikningsskilastaðlar

IFRS 16 Leigusamningar

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2019. Aðrir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tóku gildi 1. janúar 2019 hafa óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRS 16 innleiðir eitt reikningshaldslegt líkan um færslu leigusamninga í efnahagsreikning leigutaka. Samstæðan hefur tekið upp IFRS 16 með því að beita aðferð uppsafnaðra áhrifa, þar sem uppsöfnuð áhrif upphaflegrar beitingar eru færð á óráðstafað eigið fé 1. janúar 2019. Eigið fé félagsins lækkaði um 106 millj. kr. við innleiðinguna. Vegna þessa hefur samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2018 ekki verið breytt, það er þær eru settar fram eins og þær voru birtar áður samkvæmt IAS 17 og tengdum tulkunum. Breytingunum á reikningsskilaaðferðum er lýst nánar hér á eftir.

Skilgreining á leigusamningi

Samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum skilgreindi samstæðan við gildistöku samnings hvort hann væri eða innihéldi leigusamning samkvæmt IFRC 4. Samstæðan leggur nú mat á það hvort samningur sé eða innihaldi leigusamning byggt á nýrri skilgreiningu á leigusamningi. Samkvæmt IFRS 16 er samningur leigusamningur eða inniheldur leigusamning ef hann veitir rétt til yfirráða yfir skilgreindri eign á tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

Við upptöku IFRS 16 valdi samstæðan að nýta sér það praktíska úrræði að halda sig við fyrra mat á því hvaða viðskipti eru leigusamningar. Samstæðan beitti því IFRS 16 aðeins á þá samninga sem áður höfðu verið skilgreindir sem leigusamningar. Samningar sem höfðu ekki verið skilgreindir sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4 voru ekki endurmetnir með tilliti til nýrrar skilgreiningar á leigusamningi. Af því leiðir að skilgreining á leigusamningi samkvæmt IFRS 16 hefur aðeins verið beitt á samninga sem voru gerðir eða var breytt frá og með 1. janúar 2019.

Við gildistöku eða endurmat samnings sem inniheldur leigubátt úthlutar samstæðan endurgjaldi samkvæmt samningnum á einstaka leigubætti og aðra bætti samningsins byggt á hlutfallslegu sjálfstæðu verði þeirra.

Leigusamningar þar sem samstæðan er leigutaki

Samstæðan færir eignir og skuldir vegna leigusamninga um fasteignir, bifreiðar og lóðir. Afnotaréttur á eignunum er færður á meðal rekstrarfjármuna og leiguskuldbinding er færð í sér línu í efnahagsreikningi.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld á upphafsdegi leigusamnings. Leigueignin er upphaflega metin á kostnaðarverði og eftir það á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun og leiðrétt vegna viss endurmats á leiguskuldinni.

Leiguskuldin er upphaflega metin miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í leigusamningnum, eða ef það er ekki hægt að ákvarða þá vexti, með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé. Að jafnaði notar samstæðan sína vexti á nýju lánsfé við núvirðingu leigugreiðslna.

Skýringar, frh.:

12. Nýir reikningsskilastaðlar, frh.:

Leiguskuldin er svo hækkuð vegna vaxtagjalda og lækkuð vegna greiddra leigugreiðslna. Hún er endurmetin þegar það er breyting á framtíðarleigugreiðslum vegna breytingar á visitólu eða vöxtum, breytingar á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að þurfi að greiða á grundvelli hrakvirðistryggingar, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimild eða framlengingarheimild verði nýtt eða hvort nokkuð víst er að uppsagnarheimild verði ekki nýtt.

Samstæðan hefur beitt dómgreind við ákvörðun leigutíma sumra leigusamninga þar sem samstæðan er leigutaki og samningarnir innihalda endurnýjunarheimildir. Mat á því hvort samstæðan er nokkuð viss að hún muni nýta slíkar heimildir hefur áhrif á leigutímann, sem hefur veruleg áhrif á fjárhæð færðra leiguskulda og leigueigna.

Við upptöku IFRS 16 eru leiguskuldir vegna leigusamninga sem voru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar samkvæmt IAS 17 metnar miðað við núvirði ógreiddra leigugreiðslna, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé þann 1. janúar 2019. Leigueignir eru metnar bókfærðu verði eins og IFRS 16 hefði verið beitt frá upphafsdegi leigusamninga, núvirt með vöxtum leigutaka á nýju lánsfé á degi upphaflegrar beitingar.

Leigusamningar þar sem samstæðan er leigusali

Innleiðing IFRS 16 hefur ekki veruleg áhrif á samninga þar sem samstæðan er ekki leigusali.

Áhrif innleiðingar

Ef staðallinn hefði ekki tekið gildi 1. janúar 2019 hefðu áhrif orðið þau að EBITDA á fyrsta fjórðungi ársins 2019 hefðu verið um 44 millj. kr. lægri og hagnaður tímabilsins 1 millj. kr. lægri. Áhrif á fyrsta ársfjórðung 2019 greinist þannig:

Rekstrarreikningur	2019	Ahrif nýs	Fyrir IFRS 16
	1.1. - 31.3.	staðals	2019
Seldar vörur og þjónusta	11.506	0	11.506
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(9.399)	0	(9.399)
Framlegð	2.107	0	2.107
Rekstrarkostnaður	(1.476)	(11)	(1.487)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	631	(11)	620
Hrein fjármagnsgjöld	(111)	15	(96)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	(12)	0	(12)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	508	4	513
Tekjuskattur	(97)	1	(96)
Hagnaður tímabilsins	411	5	416
EBITDA	892	(44)	848

Skýringar, frh.:

12. Nýir reikningsskilastaðlar, frh.:

Áhrif innleiðingar

Afnotaréttur af leigueign er færður á meðal rekstrarfjármuna en um er að ræða leigusamninga um skrifstofuhúsnæði, verlanir, bifreiðar og lóðir. Áhrif innleiðingar staðalsins á efnahagsreikning samstæðunnar greinist þannig:

Efnahagsreikningur	31.12.2018	Ahrif nýs staðals	1.1.2019
Rekstrarfjármunir	10.385	887	11.272
Aðrir fastafjármunir	4.564	0	4.564
Fastafjármunir	14.949	887	15.836
Birgðir	4.491	0	4.491
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	4.492	0	4.492
Handbært fé	818	0	818
Veltufjármunir	9.802	0	9.802
Eignir samtals	24.751	887	25.638
Eigið fé	9.004	(106)	8.898
Vaxtaberandi langtímaskuldir	5.613	0	5.613
Tekjuskattsskuldbinding	671	0	671
Leiguskuldbinding	0	864	864
Langtímaskuldir	6.284	864	7.148
Næsta árs afborgun leiguskuldbindingar	0	129	129
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	3.579	0	3.579
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	5.884	0	5.884
Skammtímaskuldir	9.463	129	9.592
Skuldir samtals	15.747	993	16.740
Eigið fé og skuldir samtals	24.751	887	25.638

Skýringar, frh.:

13. Félög í samstæðunni

Eftirfarandi félög eru innifalin í samstæðureikningsskilunum:

	Eignarhlutur	
	31.3.2019	31.12.2018
Bensinorkan ehf., Reykjavík	100%	100%
Tollvörugymsla Skeljungs ehf., Reykjavík	100%	100%
P/F Magn, Færeyjar	100%	100%
Íslenska vetnisfélagið ehf.	90%	90%
P/F Demich, Færeyjar	70%	70%
Barkur ehf, Reykjavík	67%	67%

14. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

	2019	2018
	1.1. - 31.3.	1.1. - 31.3.
Rekstur:		
Framlegð í hlutfalli af sölu	18,3%	17,6%
EBITDA / Framlegð	42,3%	46,7%
EBIT / Framlegð	29,9%	35,3%
Laun / Framlegð	28,8%	26,3%
Sölu og dreifingarkostnaður / Framlegð	23,4%	28,6%
Rekstrarkostnaður / Framlegð	59,6%	62,0%
Arðsemi eigin fjár (ársgrundvelli)	19,0%	22,6%
Efnahagur:		
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,16	1,04
Lausafjárhlutfall - (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir	0,71	0,56
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA (sl. 12 mánaða)	2,43	2,71
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / eignir samtals	36,0%	36,4%
Innra virði hlutafjár	4,6	4,4